

Stjórn málaályktun Samfylkingarinnar 2005

Ný sókn frjálslyndrar jafnaðarstefnu

Landsfundur Samfylkingarinnar lýsir því yfir að hreyfingin stefnir einhuga og ákveðið að sigri á grundvelli hugsjóna jafnaðarmanna í komandi sveitarstjórnar- og alþingiskosningum. Samfylkingin hófst handa um undirbúning að sókn jafnaðarstefnunnar strax að loknum góðum árangri í kosningunum 2002 og 2003 með því að móta skýra og sjálfstæða sýn á brýnustu úrlausnarefni íslensks samfélags.

Flokkurinn mun sækja fram undir merkjum frjálslyndrar jafnaðarstefnu sem byggir á mannauði og menntuðu fólki, sterku atvinnu- og efnahagslífi, traustu velferðarkerfi, virðingu fyrir lýðræði og jafnrétti ásamt ábyrgð á alþjóðavettvangi. Sanngjarnar leikreglur og virk samkeppni á markaði eru mikilvægar forsendur áframhaldandi eflingar í atvinnulífi og alþjóðlegrar samkeppnishæfni fyrirtækja.

Fjárfestingar í menntun og heilbrigði í fremstu röð eru ásamt góðu velferðarkerfi besta leiðin til þess að þróa þekkingarhagkerfi og atvinnulíf sem byggir á hugviti skapandi einstaklinga. Gera þarf átak til þess að alhliða umhverfisvernd verði ríkur þáttur í öllum mikilvægum ákvörðunum í efnahags- og atvinnumálum til að stuðla að sjálfbærri þróun. Um leið þarf að leggja æ meiri áherslu á þátttöku almennings í ákvörðunum og stefnumótun til þess að gæta almannaheilla og tryggja að vilji kjósenda skipi æðsta sess hjá ábyrgum stjórnvöldum.

Hreyfing jafnaðarmanna stefnir að því að mynda meirihluta í sveitarstjórnnum sem geta axlað aukið hlutverk sveitarfélaga í fjölbreytilegri nærþjónustu, með áherslu á lýðræði og enn frekari möguleika íbúanna til þátttöku og áhrifa.

Samfylkingin lítur á það sem höfuðverkefni að hafa forystu um að fella þá ríkisstjórn misskiptingar og valdbeitingar, sem nú situr, í næstu þingkosningum, og leiða frjálslynda velferðarstjórn sem einsetur sér að auka félagslegt réttlæti í landinu, treysta stöðu fólks á vinnumarkaði og stuðla að launajafnrétti í reynd.

Landsfundur Samfylkingarinnar 2005 hefur fjallað um grunnstefnu flokksins varðandi mikilvæg málefnasvið, sem verið hafa til umfjöllunar hjá framtíðarhópi og heilbrigðishópi. Landsfundurinn ákvað að efna til stefnuþings á næsta vetri þar sem málefnasvið úr síðari lotu í starfi framtíðarhóps verða tekin til umfjöllunar. Þessi málefnavinna verður lögð til grundvallar í stefnu og starfi Samfylkingarinnar í komandi kosningum. Jafnframt hefur landsfundur stillt saman strengi í málefnum sveitarstjórna og mun sveitastjórnarráð flokksins fylgja eftir þeirri stefnumótun.

Landsfundur Samfylkingarinnar minnir á nokkur brýn viðfangsefni stjórnmalanna sem flokksmenn, hvar á vettvangi sem þeir starfa, eru hvattir til þess að beina kröftum sínum að á næstu misserum:

1. Velferð er forsenda framfara og öryggis

Velferð allra er forsenda framfara, grunnur þess að í samfélagi ríki sátt um markmið og leiðir, auðsköpun og menningu. Öflugt velferðarkerfi á að styrkja stoðir fjölskyldna og heimila og koma þeim til hjálpar sem höllum fæti standa. Jafn aðgangur að heilbrigðiskerfi og menntun óháð efnahag er forgangskrafa Samfylkingarinnar.

- Bæta þarf stöðu ungbarnafjölskyldna með því að lengja fæðingarorlof og brúa bilið fyrir unga foreldra eftir að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskóli tekur við.
- Vinna þarf skipulega að því að styrkja afkomutryggingu fyrir tekjulága hópa í röðum aldraðra, öryrkja og einstæðra foreldra, m.a. með samstillingu almannatrygginga og lífeyrissjóða.
- Velferðar- og menntakerfi ber að beita í því skyni að rétta hlut innflytjenda og tryggja þeim jafnrétti á við aðra.
- Mikilvægt er að bæta kjör atvinnulausra um leið og áhersla verður lögð á að efla aðgerðir sem miða að því að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði.
- Gott velferðarkerfi sem tryggir stuðning, óháð efnahag eða stöðu, er sú forvörn gegn afbrotum og upplausn fjölskyldna sem mestu máli skiptir og lengst dugir.
- Endurskoða þarf í heild sinni refsilöggjöf sem snýr að kynbundnu ofbeldi, svo sem kynferðislegu ofbeldi, vændi og heimilisofbeldi svo að viðurlög beinist að brotamannti og verði í samræmi við alvarleika brotsins. Vinna þarf gegn mansali og sporna þarf gegn aukinni klámvæðingu og kynlífsiðnaði hvers konar. Gera á kaup á vændi refsivert.
- Feta þarf meðalveg milli réttar- og refsivörsluhagsmuna yfirvalda annars vegar og mannréttinda hinna brotlegu hins vegar, þannig að réttarkerfi okkar endurspegli í senn þörf borgaranna fyrir öryggi og djúpa virðingu fyrir mannréttindum allra. Því má ekki einungis bregðast við afbrotum af festu heldur þarf að takast á við orsakir þeirra auk þess sem góð og nálæg löggæsla er lykilatriði.
- Misnotkun vímuefna er alvarlegt félags- og heilbrigðisvandamál sem meðhöndla skal í samræmi við það. Áfram þarf þó að vera við lýði almennt bann við sölu og vörslu fíkniefna en varast ber að refsingar fyrir væg fíkniefnabrot séu úr öllu samræmi við önnur afbrot og skynsamlega að leggja meiri áherslu á meðferðarúræði.

2. Heilbrigðisþjónusta ávallt í fremstu röð

Endurbæta þarf heilbrigðiskerfið með það að leiðarljósi að það verði markvissara og hagkvæmara fyrir notendur. Stöðugt verður að leita bestu aðferða til að ná fram markmiðum. Forsenda endurbóta í heilbrigðisþjónustu er að markmið jafnaðarstefnunnar standi óhöggðuð. Þannig verður mannúð, jafnræði, árangur og skilvirkni best tryggð.

- Skilgreina þarf hlutverk heilbrigðisstofnana og heilbrigðissviða og hafa valfrjálst stýrikerfi.
- Breyta á verkefnaskiptingu ráðuneyta með því að brjóta upp heilbrigðis- og tryggingarráðuneyti í tvö ráðuneyti og sameina félagsmálaráðuneyti nýju ráðuneyti með verkefnaflutningi.
- Kostnaðargreina þarf heilbrigðisþjónustu og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn er látið fylgja sjúklingum í mun meiri mæli.
- Auka vægi einkareksturs, útboða og þjónustusamninga í heilbrigðisþjónustu þar sem markmið jafnaðarstefnunarinnar eru tryggð.

- Efla heilsugæslu og heimahjúkrun og skoða kosti þess að gefa fagfólki meiri rekstrarlegt sjálfstæði og ábyrgð.
- Fjölga þjónustu- og búsetuvalkostum fyrir aldraða og setja málefni þeirra í forgang
- Tryggja aðkomu geðsjúkra að ákvarðanatöku, fjölga úrræðum fyrir geðsjúka og auka eftirfylgni og geðrækt.
- Nýta mannauð heilbrigðisskerfisins og efla heilbrigðisgeirann sem atvinnu- og útflutningsgrein.
- Stórauka valfrelsi, forvarnir og endurhæfingu í heilbrigðiskerfinu.

3. Sóknarfæri í menntun

Svigrúm í efnahagsmálum verði nýtt til þess að ráðast í sérstakt átak í menntakerfinu með stórauknum framlögum á næstu árum sem tryggi að almenn og sérhæfð menntun verði í fremstu röð í heiminum. Menntastefnan er einn af hornsteinum jafnaðarstefnu og hefur m.a. eftirfarandi markmið:

- Dregið verði úr misskiptingu og hættu á félagslegri útskúfun með því að efla og treysta sérstaklega þá hópa sem hafa veika stöðu á vinnumarkaði þar sem menntun og starfsþjálfun eru lykilatriði.
- Þeim sem útskrifast með framhaldsskólapróf og háskólapróf í hverjum árgangi verði fjölgað um fjórðung á næstu árum.
- Aðstaða framhaldsskólanna verði bætt og starfsnámið eflt, dregið úr brottfalli í framhaldsskólum og styttri námsbrautum við framhaldsskóla fjölgað.
- Grunnskólinn verði eflur og stefnt að gjaldfrjálsum leikskóla í áföngum með auknum tekjum frá ríkisvaldinu um leið og mörk skólastiga verði gerð sveigjanleg.
- Sett verði lög um fullorðinsfræðslu sem skapi skilyrði til þess að þekkingargrunnur fólks með litla formlega og viðurkennda menntun sé treystur með skipulegum hætti, nýju tækifæri til náms, og kostnaðurinn verði greiddur af sameiginlegum sjóðum. Um leið verði símenntun samofinn þáttur allrar menntastefnu fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í félagslegu og atvinnulegu tilliti.
- Skólarnir verði sjálfstæðari en nú er og fái frelsi til þess að leggja áherslu á mismunandi viðfangsefni og áhrif notenda eflist á öllum skólastigum.
- Alþjóðlegt samstarf skóla- og vísindastofnana verði aukið og markvisst unnið að alþjóðlegri samkeppnishæfni íslenska menntakerfisins.

4. Menning og listir

Öflugt menningarlíf er forsenda góðs samfélags. Móta þarf atvinnustefnu í menningu og listum þar sem viðurkennt er að þekking, sköpunarkraftur, hefðir og hæfileikar er mikilvæg auðlind fyrir íslenskt samfélag. Umhverfi menningar og lista hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Með tilkomu nýrra miðla og starfsgreina hafa orðið til möguleikar sem brýnt er að stjórnvöld, fyrirtæki og

einstaklingar fjárfesti í. Menning og listir eru orðin öflug atvinnugrein á Íslandi sem styrkir fjölbreytni hagkerfisins, eykur hagvöxt og virkar sem mótvægi og innblástur fyrir aðrar stoðir þess. Ísland er að verða fjölmenningslegt samfélag og við mótun menningarstefnu ber að taka tillit til þess fjölda fólks af erlendum uppruna sem býr í landinu. Sem málsvarar lýðræðisstefnu láta jafnaðarmenn sig varða möguleika allra til virkrar menningarþátttöku á eigin forsendum.

- Rannsaka þarf hagræn umsvif menningar og lista og gera úttekt á stöðu atvinnugreinarinnar í íslensku samfélagi og í alþjóðlegu samhengi.
- Endurskoða þarf skilyrði og stjórnábyrgð menningar og lista og endurskilgreina þarfir miðað við nýjar aðstæður. Sérstaklega skal hugað að skilyrðum sjálfstætt starfandi listamanna.
- Byggja á upp hvetjandi skattaumhverfi sem örvar innlend og erlend fyrirtæki til að fjárfesta í íslenskri menningu og listum.
- Byggð verði upp menningartengd ferðaþjónusta og umgjörð hennar styrkt, Fundurinn hvetur til þess að nýjar leiðir verði fundnar til að kynna íslenskan þjóðararf og tengja hann nútímamenningu þjóðarinnar. Tengsl verndunar og sköpunar eru lykilatriði í uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Ríkisútvarpið verði eflt og sjálfstæði þess aukið með rekstrarlegum og skipulagslegum breytingum sem meðal annars bindi enda á flokkspólitísk ítök í fyrirtækinu. Hlutverk þess sem almannaútvarps verði skilgreint og stuðlað að því að RÚV njóti sín sem forystuafli á blómlegum, lýðræðislegum og fjölbreyttum fjölmiðlavettvangi þar sem ríkisvaldið stillir afskiptum sínum í hóf, eins og góð hefð er fyrir í íslensku samfélagi.

5. Efnahagslegur styrkur og almannahagsmunir

Markaðskerfi í efnahagslífi með virku aðhaldi frá neytendum og almannaamtökum er hagkvæmasti kostur sem völ er á en hafna ber hugmyndum um markaðskerfi í félagslegum samskiptum manna. Mikilvægt er að samkeppni á markaði sé sem virkust og eftirlitsstofnanir eins og Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlit sjái til þess að markaðsráðandi fyrirtæki misnoti ekki aðstöðu sína. Ríkið á að draga sig út úr rekstri þar sem samkeppni er fyrir hendi á markaði. Í heilbrigðisþjónustunni og menntakerfinu eiga félagsleg jafnaðarsjónarmið að ráða. Hin samfélagslega ábyrgð hvílir á almannavaldinu og byggist á því að þjónustan standi öllum til boða, óháð stétt og stöðu. Rekstrarform þarf að velja með tilliti til aðstæðna og hagkvæmni. Forsenda verktöku og rekstrar einkaaðila á þessum sviðum er ætíð sú að ekki sé hægt að kaupa sér forgang, þjónusta minnki ekki, kostnaður notenda aukist ekki og kostnaður ríkisins minnki.

- Meginmarkmið í efnahagsmálum næstu árin er að tryggja stöðugleika í efnahagslífi og lága verðbólgu. Leiðin til þess er að framfylgja ábyrgri og aðhaldssamri stefnu í peningamálum og ríkisfjármálum samfara áherslu á að styrkja og efla mennta- og velferðarkerfið. Þannig skapast skilyrði fyrir hagvöxt sem treystur er til frambúðar með jöfnum tækifærum landsmanna til mennta og samfélagslegri ábyrgð hvers á öðrum. Lykilatriði í hagstjórn eru aðgát í fjármálastjórn og frumkvæði í nýsköpun. Ríkisvaldið styður best við hagsæld með almennum leikreglum, réttlátu skattakerfi, öflugum menntastofnunum, auknum framlögum til rannsókna og þróunar og góðri þjónustu sem byggir á skýrri stefnu og skilgreindum markmiðum.
- Ábyrg samþætting efnahags-, atvinnu- og félagsmálustefnu í opnu hagkerfi með þróttmiklu menningarlífi er það kennimerki sem einkenna þarf þjóðlífið. Hugsjónir jafnaðarstefnu eiga

sterkan hljómgrunn í ríkri samkennd og samhjálpi þegar á reynir og eru sá grunnur sem frelsi einstaklingsins byggir á.

- Setja þarf þau markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum; að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft; að það tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu og verðmæt störf; og að það tryggi afkomuöryggi og félagslegan jöfnuð.
- Stefna ber að því að frumkvöðlum, sprotafyrirtækjum og smáfyrirtækjum á Íslandi séu búin starfsskilyrði eins og best þekkjast í heiminum, og virkja þannig þann mikla sköpunarkraft einstaklinganna sem býr með landsmönnum.

6. Aukin verkefni og réttlátar tekjur sveitafélaga

Það er æskileg þróun að sveitarfélögin axli víðtækari ábyrgð á samfélagsmálum, þjónusta verði færð nær fólkinu sem hennar nýtur og áhrif þess á hana verði eflað. Afar brýnt er að efla sveitarstjórnarstigið með því að stefna að því að stækka og fækka sveitarfélögum. Auka þarf tekjur þeirra og flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga, svo sem málefni aldraðra, fatlaðra og hluta heilbrigðisþjónustu. Framsækin menntastefna er um leið jákvæð byggða- og atvinnustefna.

- Brýnt er að ná fram sanngjarnri tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þannig að fjárhagsstaða sveitarfélaganna sé bætt.
- Afleiðingar byggðapróunar síðustu ára eru eitt brýnasta úrlausnarefni íslenskra stjórn mála. Vinna á að mótun nýrrar heildstæðrar stefnu í byggðamálum, þar sem áhersla verði lögð á að treysta og jafna búsetuskilyrðin í landi og um leið að stefnan byggji á sambýli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.
- Þróa verður höfuðborgarstefnu í takt við breytta búsetu- og atvinnuþróun til að nýta kraft og möguleika borgarsamfélags í framtíðinni.
- Ný byggðaáætlun á að ná til landsins alls og þarf að vera ítarleg framkvæmdaáætlun með skýrum markmiðum og eftirfylgni.

7. Lýðræði í þróun

Lýðræðisþróun hér á landi hefur í skjóli hins sterka meirihlutavalds verið ólík því sem gerist í mörgum nágrannaríkjunum þar sem samráðshefð er ríkari. Þátttaka almennings í lýðræðislegri stjórn landsins á ekki eingöngu að vera bundin við kosningar á fjögurra ára fresti. Stjórnvaldsathafnir eiga að vera gagnsæjar og studdar málefnalegum rökum líkt og gert er ráð fyrir í stjórnskipun og stjórnsýslu landsins.

- Endurskoða þarf lög um ráðherraábyrgð, m.a. skilyrði refsíábyrgðar, grundvöllur hennar og aðferðir við ákæru til að skýra og auka ábyrgð ráðherra.
- Koma skal á fót rannsóknarnefndum Alþingis, sem hafa víðtækt umboð og rannsóknarvald, til að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdavaldinu. Endurskoða þarf reglur um rannsóknarnefndir Alþingis vegna einstakra mála skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.
- Reglum um skipan Hæstaréttardómara verði breytt með það fyrir augum að eingöngu fagleg sjónarmið og skil á milli framkvæmda- og dómvalds ráði skipan í embætti.

- Ráðherrar gegni ekki þingmennsku sem m.a. stuðlar að því að skerpa aðgreiningu löggjafar- og framkvæmdavalds.
- Skilgreina þarf stöðu og umboð forsetans skýrar í stjórnskipan landsins og standa vörð um málskotsréttinn.
- Nauðsynlegt er að móta stefnu stjórnvalda til framsals fullveldis og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Breytingar á stjórnarskrá eiga að endurspeglja þá stefnu.
- Landsfundur ályktar að sett verði lög um fjárreiður stjórnmalaflokka.

8. Mannréttindi í verki

Jafnaðarstefna hefur jöfnuð og mannréttindi að leiðarljósi og tryggja þarf þau betur en nú er gert í stjórnarskrá lýðveldisins. Nauðsynlegt er að breyta mannréttindakafla stjórnarskrárinnar þannig að tekið sé fram með skýrum hætti að mismunun á grundvelli kynhneigðar sé óheimil.

- Enn er langt í land í réttindamálum samkynhneigðra. Réttur gagnkynhneigðra og samkynhneigðra para á að vera hinn sami á allan hátt, meðal annars hvað varðar ættleiðingar, gervifrjóvganir og lög um hjúskap.
- Nauðsynlegt er að taka vel á móti fólki af erlendu bergi brotnu sem flyst til landsins og gera því kleift að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi, rækta sína menningu og miðla henni.
- Nauðsynlegt er að tryggja jafna stöðu útlendinga á vinnumarkaði sem og innan stéttarféлага.
- Brýnt er að tryggja réttindi fatlaðra þannig að þeir búi við sambærileg lífskjör og aðrir þjóðfélagsþegnar svo að þeir geti lifað eðlilegu lífi og haslað sér völl í samfélaginu á öllum sviðum.
- Vernda ber með lögum heimildarmenn fjölmiðla er upplýsa um mál er varða almannahagsmuni og eiga brýnt erindi til almennings. Einnig þarf að skilgreina lagalegar skyldur og réttindi fjölmiðla og fréttamanna með tilliti til mikilvægis þeirra fyrir lýðræðislega, opna og gagnrýna umræðu.

9. Jafnrétti kynja

Kynjajafnrétti og kvenfrelsi er ein af meginstöðum jafnaðarstefnunnar. Til þess að samfélag teljist lýðræðislegt þarf að tryggja öllum jafna þátttöku í mótun þess. Sérstakar aðgerðir þarf til að jafna hlut kynjanna.

- Forysta og ábyrgð á jafnréttismálum skal falin forsætisráðuneyti til að tryggja viðunandi árangur. Jafnréttislög og –áætlanir stjórnvalda eiga að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar. Það þarf að taka skýrar á frumkvæðisskyldu stjórnvalda til aðgerða. Endurskipuleggja á skipulag jafnréttismála með það að markmiði að gera stjórnsýslu jafnréttismála skýrari. Fjölga verður konum í opinberri ákvarðanatöku, stjórnnum, nefndum og ráðum hjá hinu opinbera.
- Brýna þarf fyrir fyrirtækjum og félögum að fjölga konum í ábyrgðarstöðum og skili það ekki skjótum árangri ber að íhuga lagasetningu um jafna stöðu í stjórnnum.

- Kynbundnum launamuni verður að útrýma með samstilltu átaki ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins.

10. Umhverfis- og náttúruvernd

Umhverfis- og náttúruvernd á að vera eitt af forgangsmálum íslenskra stjórn mála. Íslendingar eiga að vera í fararbroddi alþjóðasamstarfs um að stöðva eyðileggingu auðlinda jarðar.

- Íslendingum er mikil nauðsyn á að sú ógn sem stafar af loftslagsbreytingum verði stöðvuð, meðal annars vegna þess að hlýnun á norðurskauti er örari en annarsstaðar. Tryggja þarf að Kyoto-bókuninni verði framfylgt og að samningar um samdrátt í framhaldi af henni hefjist sem fyrst. Undirbúa þarf breytingar í samfélaginu vegna brýnna aðgerða í umhverfismálum, meðal annars með því að þróa kvótasetningu og innanlandsmarkað með losunarheimildir, en einnig með því að nýta þau færi sem felast í þessum nýju aðstæðum fyrir íslenskan iðnað og hugvit.
- Takmarkaðar auðlindir, svo sem fiskurinn í sjónum, orka fallvatnanna og jarðhitinn, eiga að vera í þjóðareign og þær ber að nýta á grundvelli jafnræðis gegn gjaldi. Slíka þjóðareign, svo og almenn náttúrugæði eins og grunnvatn og hreint loft, á að skilgreina sem eign þjóðarinnar í stjórnarskrá.
- Brýnt er að fyrir liggi heildstætt mat á náttúruauðlindum landsins og framsýn stefna um nýtingu þeirra, meðal annars með vernd. Ákvarðanir um stóriðjuver og virkjanir á að taka með hliðsjón af slíkri heildarstefnu. Til þess þarf síðari hluta rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma að ljúka sem fyrst þannig að hægt sé að gefa áætluninni formlegt gildi.
- Samstaða um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og friðun Jökulsár á Fjöllum er fagnaðarefni. Það er jafnframt skynsamlegt að fara að tillögum Umhverfisstofnunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög.

11. Utanríkis- og alþjóðamál

Hagsmunum Íslands er best borgið með því að samskipti þjóða byggist sem mest á samstarfi og samráði innan alþjóðastofnana sem fari fram á grundvelli alþjóðalaga og samþykkt. Ísland á því að kappkosta að taka virkan þátt í starfsemi alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Norðurlandaráð, Atlantshafsbandalagið, Heimsviðskiptastofnunina, Evrópuráðið og Evrópusambandið.

- Aukin áhersla á samskipti við önnur ríki krefst þess að skipan utanríkisþjónustu Íslands verði endurskoðuð með það að markmiði að styrkja starf innan alþjóðastofnana og draga úr útgjöldum til hefðbundinna sendiráða.
- Á vettvangi þróunarsamvinnu við fátæk ríki hefur Ísland mikið verk að vinna. Stjórnvöld eiga að setja sér það markmið að ná lágmarki Sameinuðu þjóðanna um að verja 0,7% vergrar þjóðarframleiðslu til þróunarsamvinnu á næsta áratug, þ.e. árið 2015.
- Brýnt er að heimsviðskipti fari fram á frjálsari grunni en nú viðgengst og fátæk ríki fái aðgang að þróuðum mörkuðum. Mikilvægt er að samningar náist innan vébanda Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) og að á þeim vettvangi verði tekið tillit til félagslegra og menningarlegra réttinda fólks. Reglur um frjálsa verslun og viðskipti verður að setja á grundvelli samþykkt um réttindi launafólks.

- Breiða samstöðu þarf að skapa meðal þjóðarinnar um samningsmarkmið sem látið verði reyna á í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Niðurstöðurnar verði lagðar undir þjóðaratkvæði.
- Andstaða við Írakstríðið og ákvarðanatöku forsætisráðherra og utanríkisráðherra um þátttöku í því er ítrekuð um leið og áhersla er lögð á að alþjóðasamfélagið vinni að viðurkenningu sjálfstæðs ríkis Palestínumanna í friði við Ísraelsmenn og varanlegum forsendum fyrir friði og lýðræði í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs.

Landsfundur Samfylkingarinnar 22. maí 2005

Egilshöll Reykjavík